- Ég ætla að segja frænda mínum að selja ykkur ekki þennan bíl! Þið fáið hann ekki vegna þess að það er enginn nema frændi minn sem selur bíla í þessari borg!
- Ef þú segir þetta við frænda þinn, mun ég aldrei flétta hárið á mömmu þinni aftur og hún verður ljót eins og mamma hans Jérémie!

Hún horfir beint í augu mér til þess að vita hvort ég óttist að hún skipti sér ekki lengur af hárinu hennar Pauline mömmu. Ég er aftur á móti glaður. Það er fínt svona, ef

mamma mín er ekki með hárið fléttað, þá fer hún að minnsta kosti ekki út, og ég get verið með henni á sunnudögum.

En Caroline hefur skilið það sem ég var að hugsa og hún bætir við:

- Fyrir utan það, ef þú segir frænda þínum að selja okkur ekki rauða, fimm sæta bílinn þá tala ég aldrei við þig aftur, við pöntum bílinn okkar annars staðar og þú og ég verðum erkióvinir! Og ef ég sé þig út á götu þá hræki ég á jörðina!

Hún rótar í vasanum á kjólnum sínum, tekur út bréfsnifsi sem hún sléttir úr og réttir mér. Þetta er blaðsíða sem hún hefur rifið úr *La Redoute* bæklingnum. Þetta er mynd af stelpu og strák fyrir framan rauðan, fimm sæta bíl. Þau eru næstum jafn gömul og við, en þau eru Hvít. Stelpan er í hvítum kjól og með rauðan hatt í sama lit og skórnir hennar. Strákurinn er í svörtum fötum og hvítri skyrtu með þverslaufu. Það er eins og þau hafi verið að gifta sig og að ljósmyndarinn hafi sagt við þau : Standið þarna, ég skal taka mynd af ykkur. Ég horfi aftur gaumgæfilega á myndina. Caroline gat sér til um að hverju ég væri að leita.

- Vertu ekki að leita að hvíta hundinum þeirra á myndinni, hann er heima með börnunum þeirra tveimur.

Mig langar að hlæja vegna þess að ég hef þegar opnað *La Redoute* á saumastofu herra Mutombo. Það er þar sem klæðskerinn stælir sniðin á evrópsku fötunum. Það eru viðskiptavinirnir sem velja snið úr bæklingnum og þá segir herra Mutombo þeim hvort það sé hægt að sníða það, hvað það kostar og hve mikinn tíma það tekur. Hins vegar veit ég að *La Redoute* selur ekki bíla. En ég vil ekki fara í taugarnar á Caroline, ég vil halda áfram að tala við hana því ég elska hana. Vegna þess að það er með henni sem ég vil eignast tvö börn. Þess vegna þarf ég að finna góða ástæðu fyrir að hún gefi Mabélé upp á bátinn.

- Lounès sagði mér að Mabélé væri ljótur, hann er ekki næstum því jafn sætur og ég. Af hverju ætlaðu að giftast einhverjum sem er ekki sætur? Börnin þín verða ljót eins og Mabélé en aftur á móti með mér verða þau sæt.
- Það er ósatt! Mabélé er gáfaður og hann er tveimur árum eldri en þú og ég!
- Og hvað annað hefur hann fram yfir mig, fyrir utan þennan aldur, ha?
- Hann hefur lesið fullt af bókum.
- Nú já? Eins og hvaða bækur hefur hann lesið?

- Bækur Marcel Pagnol.
- Og hver er eiginlega þessi Marcel Pagnol?
- Sjáðu, þú veist ekki einu sinni hver hann er! Hann skrifar bækur um móður sína, föður sinn og kastalana þeirra fjóra. Og Mabelé sagði mér að hann ætlar að kaupa handa mér fallegan kastala eins og þann sem er í bókunum hans Marcel Pagnol.
- Sérðu ekki að hann er að ljúga að þér, ha? Bók með köstulum er bók fyrir kapítalista sem arðræna öreigastéttina!
- Og þú? Í stað þess að tala svona illa um Mabelé og Marcel Pagnol, hvað hefur þú lesið?

Ég svara ekki. Ég reyni að hugsa um bækurnar sem við lásam í skólanum, en það eru bara brot úr lestrarbókinni og úr bókinni um forseta lýðveldisins okkar. Ef ég tala um bók forsetans fer Caroline að hlæja. Svo ég hugsa stíft um lestrarbókina sem var með textum sem við þurftum að læra utanbókar og ég svara:

- Ég hef lesið sögur La Fontaine!
- Já, en það eru dýrin sem tala í þeim sögum, ég hef líka farið með þær utanbókar í skólanum. Aftur á móti hjá Marcel Pagnol talar alvöru fólk sem á alvöru kastala!

Ég hugsa um bækurnar hans Roger pabba sem eru í svefnherberginu. Ég hef aldrei opnað þær, þær bíða ennþá eftir að pabbi minn fari á eftirlaun. Ég þekki ekki einn einasta titil.

- Að auki skrifar Mabelé ljóð handa mér á hverjum degi, og í ljóðunum er ég með djúplá augu og mjög sítt, ljóst hár eins og dúkkur stúlkanna í Evrópu. Aftur á móti hefur þú aldrei skrifað ljóð fyrir mig. Þú elskaðir mig ekki! Þú ert ekki góður eiginmaður, hættu að bulla í mér, ég er farin, já, nú fer ég!

Þarna fer hún í burtu en ég hrópa:

- Komdu aftur! Komdu aftur! Caroline! Caroline!

Hún heyrir ekki lengur í mér. Hún er nú þegar komin langt í burtu. Hún er ekki að fara í áttina að markaðnum, hún er að fara heim til sín. Hún kom sem sagt til þess að hitta mig. Gagngert til þess, segi ég við sjálfan mig.

Þegar hún flutti frá Mouyoundzi-umdæminu vildi Pauline mamma ekki flytja aftur til þorpsins þar sem hún fæddist því annars myndi fólkið frá Louboulou gera grín að henni. Hún valdi borgina Pointe-Noire af því að René frændi bjó þar og hafði nýlokið námi í Frakklandi. Þar sem börn í okkar þjóðflokki eru gjarnan nefnd í höfuðið á móðurbræðrum sínum, gaf mamma mín mér nafn René frænda jafnvel þótt hann sé ekki pabbi minn. Frændi minn var mjög ánægður að sjá að systir sín hefði valið hann í staðinn fyrir stóra bróður þeirra, Albert Moukila frænda, sem vann fyrir rafmagnsfyrirtækið.

Það góða var að René frændi samþykkti án andmæla að Pauline mamma kæmi að búa hjá honum með mig og líka að hann hafði gefið henni dálitla peninga svo hún gæti hrundið af stað jarðhnetusölunni sinni á Stóra markaðnum. Hún fór á fætur á morgnana og fór í Mbota-hverfið þar sem hún keypti sekki af jarðhnetum frá bændunum. Þá þurfti að skelfletta jarðhneturnar og setja þær svo í skálar. Á Stóra markaðnum settist hún bakvið við borðið sitt og beið eftir viðskiptavinunum. Stundum gekk vel, stundum ekki. En jafnvel þegar það gekk ekki vel sagði hún við sjálfa sig að það væri ekkert alvarlegt því á morgun gengi betur en í dag. Hún yrði ekki rík með þessari verslun. En að minnsta kosti gat hún keypt handa mér mjólk og bleyjur í stað þess að vera alltaf að biðja René frænda. Það sem hún hins vegar vissi ekki, var að það væri þarna á Stóra markaðnum í Pointe-Noire sem líf hennar myndi breytast. Mitt líka.

Það var á heitum sunnudagseftirmiðdegi. Það voru ekki mjög margir á Stóra markaðnum þegar hún leit upp og sá karlmann fyrir framan borðið sitt, mann sem var ekki hávaxinn, með hárið vel greitt, skyrtuna vel straujaða og með skjalatösku í vinstri hönd. Í fyrstu hélt hún að hann væri einn af illmennunum sem koma stundum og krefja kaupmennina um að greiða eitthvað af hendi til borgarstjórnarinnar annars yrði borðið þeirra ekki lengur til staðar á markaðnum daginn eftir. En þegar maður mætir illmenni læðist að manni ótti, en þarna hins vegar fann hún hvernig fótleggirnir skulfu og hvernig hjartað sökk ofan í magann – samkvæmt henni er það þetta sem gerist þegar hún er ástfangin. Maðurinn með skjalatöskuna keypti mikið af jarðhnetum og móðir mín gat sér strax til um að ef einhver kaupir jarðhnetur eins og enginn sé morgundagurinn hefur sá hinn sami stóra fjölskyldu að fæða. Hann getur ekki borðað þetta allt sjálfur. Þar af leiðandi bætti hún við fullt af jarðhnetum og lækkaði meira að segja verðið.

Frá og með þessum degi birtist maðurinn með skjalatöskuna reglulega fyrir framan borð móður minnar. Hann keypti ekki lengur jarðhnetur frá neinum nema henni, og þegar hún var ekki við fór hann aftur og vildi frekar bíða þar til daginn eftir en það fór í taugarnar á mörgum af hinum kaupmönnum sem tóku að dreifa því til hægri og vinstri að Pauline mamma feldi töfragrip frá Bembé-þjóðflokknum undir borðinu sínu til þess að læða til sín viðskiptavinini og að jarðhneturnar væru útbúnar á nóttinni af öndum sem settu dálítið salt á þær. Svo virtist vera að ef þú braðgaðir eina einustu jarðhnetu hjá móður minni þá varstu búinn að vera, þú myndir alltaf snúa aftur fyrir framan þetta borð og gera sjálfan þig gjaldþrota eins og þú værir að sólunda peningunum þínum í Þjóðarlottói Kongó þar sem enginn getur unnið nema hann sé fjölskyldumeðlimur forseta Lýðveldisins.

Þegar Pauline mamma mætti fyrir framan borðið sitt fann hún að jörðin var blaut og það var fiskilykt alls staðar. Í raun voru það hinir kaupmennirnir sem helltu sjó á jörðina til þess að viðskiptavinirnir stoppuðu ekki fyrir framan standinn hennar móður minnar. Þar sem ég skildi ekki af hverju allir voru hræddir við sjóvatn, útskýrði Pauline mamma fyrir mér að það væri of mikið af öndum í sjónum, þar með taldir andar forfeðra okkar sem eru mjög reiðir af því að þeir voru handsamaðir til þess að verða þrælar og til þess að vinna á plantekrum Hvíttra manna þar sem þeir voru húðstrýktir frá morgni til kvölds. Það er sem sagt ekki að ástæðulausu að sjórin er svona saltur, það er vegna svita forfeðranna og það er bræði þeirra sem veldur öldunum.

Móður minni fannst það nú frekar fyndið að verið væri að fleygja þessu sjóvatni undir borðið eins og forfeðurnir væru að fara að eyða tíma sínum í lítinn jarðhnetustand á meðan það eru aðrir mun mikilvægari hlutir í þessum heimi. Viðskiptavinirnir héldu áfram að koma, þar með talinn maðurinn með skjalatöskuna. En Pauline mamma fann á sér að þessi maður væri ekki bara að koma til þess að kaupa jarðhnetur. Hann hafði eitthvað annað í huga, vegna þess að hann horfði of fast á hana á stað þar sem menn horfa gjarnan á konur og ímynda sér hluti sem að ég mun einnig ímynda mér þegar ég verð tvítugur. Það var samt ekki við manninn með skjalatöskuna að sakast þar sem Pauline mamma var fyrir í of gljáandi, appelsínugulum buxum sem þrengdu vel að rassinum. Menn bara gátu ekki horft í aðra átt og misst af þessu. Þegar hún gekk um götur Pointe-Noire snéru karlmenn sér við og blístruðu en hún þóttist ekki taka eftir því og hélt áfram ferð sinni í átt að Stóra markaðnum.

Maðurinn með skjalatöskuna hélt kyrru fyrir standandi fyrir framan borðið þó að móðir mín væri búin að afgreiða hann. Hann stóð þarna og talaði án afláts. Bullið í honum fór smám saman að virka vegna þess að móður minni líkaði það sem hann sagði. Þessi maður sá mig loksins í holdi og blóði daginn sem Pauline mamma hafði sett mig í stórt vaskafat úr áli fyllt með líni vegna þess að barnavagnar voru of dýrir og vegna þess að ég þoldi ekki þegar hún bar mig um á bakinu í mittisskýlu, eins og aðrar konur í landinu okkar gera með börnin sín á götum úti. Maðurinn með skjalatöskuna hallaði sér yfir vaskafatið, hann færði frá línið sem huldi andlit mitt og spurði hvað ég væri gamall. Pauline mamma sagði honum að ég væri rétt orðinn fimm og hálfmánaða. Hann virti mig fyrir sér í þögn í nokkrar mínútur svo gretti hann sig til þess að koma mér til að hlæja. Hann sagði að ég væri mjög líkur móður minni, að ég græti ekki þótt að það væru hávaði og slagsmál á Stóra markaðnum. Pauline mamma sver að á þessu andartaki hafi ég brosað til mannsins. Og enn samkvæmt henni, að ég hafi brosað eins og til að segja: Mamma, þarna fannstu manninn þinn, aldrei skilja við hann, ég vil að hann verði faðir minn, alvöru faðir minn, vegna þess að maður sem brosir svona til mín getur ekki yfirgefið okkur, það sem meira er, hann er ekki lögreglumaður, og hefur því ekki byssu til þess að ógna þér eins og í kvikmyndunum.

Móðir mín og maðurinn með skjalatöskuna fóru að drekka á börunum á Stóra markaðnum. Þau fóru leynt með þetta í marga mánuði. Þau drösluðu mér stundum með þegar þau höfðu engan til þess að passa mig. Ég hélt áfram að brosa til góða mannsins þegar hann hallaði sér til þess að horfa framan í mig og gretta sig fyrir mig. Eftir eitt og hálf ár höfðu þau fengið nóg af feluleik eins og þau væru við börnin á leikvellinum í Trois-martyrs-skólanum. Maðurinn með skjalatöskuna fór eitt eftirmiðdegið að hitta René frænda til að kynna sig. Hann sagðist heita Roger Kimangou og að hann ynni í miðbænum á hótelinu Victory Palace. Hann útskýrði að hann væri þarna sem ábyrgur maður og hann væri tilbúinn til að gera allt til þess að Pauline mamma yrði konan sín.

Frændi minn hvíslaði í eyra móður minnar:

- Mér líkar ekki við þennan mann, hann er of lágvaxinn, það er ekki eðlilegt.

Pauline mamma svaraði:

- Forseti lýðveldisins er mjög lítill en hann barst við her af illmennum einn síns liðs. Í ofanálag þá elskar fólkið hann, þar á meðal þú sem ert meðlimur í flokknum hans.

Þau gátu ekki þrasað of mikið fyrir framan manninn með skjalatöskuna, sérstaklega þar sem hann var með stóra kórflösku með pálmavíni og hvítan hana með

sér. Í okkar þjóðflokk er það þannig að ef þú girnist konu, verður þú að gefa stóra bróður hennar gjafir. Eftir það, jafnvel þótt þú farir ekki í ráðhúsið með konunni til þess að skrifa undir pappírana, þá skiptir það ekki máli. Forfeður okkar eru miklu öflugri en þessir pappírar sem fólk tætir í sundur þegar það elskast ekki lengur – og maður sér það svívirða hvort annað úti á götu, mætti halda að þetta væru erkióvinir.

René frændi tók við körfuflöskunni með pálmavíninu og hvíta hananum. Hann spurði manninn með skjalatöskuna af hverju hann vildi taka sér aðra konu þegar hann ætti nú þegar eina sem hann ætti fullt af börnum með. Pauline mamma varð örg yfir spurningunni og vildi yfirgefa hús frænda míns að eilífu. Maðurinn með skjalatöskuna hélt aftur af henni, hann talaði með ró og endurtók við frænda minn að hann elskaði móður mína, hann elskaði mig líka, að Pauline mamma væri góð kona, að hann myndi aldrei gera upp á milli fyrstu konu sinnar og móður minnar. Hann myndi deila laununum sínum í tvennt: einn hluti fyrir fyrri konu sína, einn hluti handa móður minni. Þar að auki vissi fyrri konan hans nú þegar um allt saman. Hann rétti upp hægri höndina og sór við nöfn föður síns heitins og móður sinnar heitinnar.

Það var þá sem frændi minn sagði: Mágur, drekkum núna! Þessi umræða hefur þurrkað upp kverkar okkar!

Áður en þeir drukku pálmavínið helltu þeir þínu á jörðina svo forfeður okkar gætu bragðað á líka annars færi allt í steik vegna þess að að maður getur ekki gert neitt á bak við þá sem vernda okkur. Þeir eyddu eftirmiðdeginum í að ræða um Karl Marx, Engels, Lenín, hinn ódauðlega Marien Ngouabi og að drekka pálmavín.

Þegar maðurinn með skjalatöskuna bjó sig til brottfarar, dró frændi minn hann afsíðis bak við húsið:

- Ég vil ekki að litla systir mín búi í sama húsi og fyrsta eiginkonan þín. Ef svo verður, mun ég René aldrei stíga fæti þar inn.

Maðurinn með skjalatöskuna fann hús handa okkur á Sjálfstæðisstræti, svolítið langt frá húsi fyrri eiginkonu sinnar. Hann keypti þetta hús handa okkur. Af því leiðir að það tilheyrir okkur, og hann endurtók alltaf að hann hefði keypt það með mig í huga. Þess vegna er það svo að ef þú lest það sem er skrifað á pappírana fyrir húsinu okkar, er það mitt nafn sem er skrifað þar.

168-172

Ég reyni að lesa bók úr bókaskáp föður míns. Ég tók hana vegna þess að hún var ofan á hinum og var sú minnsta af þeim öllum. Á kápunni er mynd af ungum, hvítum manni.

Þegar þú horfir á hann sýnist hann vera mjög kenn, mjög upplýstur um hluti sem meira segja gamalt fólk veit ekki til dauðadags. Hann er eins og engill með vinstri hönd undir hökunni. Brosið hans kemur mér líka til þess að brosa, jafnvel þótt þetta sé bara mynd sem sé andspænis mér, ekki alvöru manneskja. Ég segi við sjálfan mig: Eins og allir Hvítir er þessi ungi maður með mikið hár, og hár þeirra vex hraðar en okkar hár þökk sé snjónum sem er hjá þeim og er ekki hjá okkur. Það er ekki eðlilegt.

Aftan á bókinni er útskýrt um hvað hvað hún fjallar og hver skrifaði hana. Hún segir sem sagt frá lífi þessa unga manns sem lítur út eins og engill. Þegar ég les hugsa ég: En hvenær hafði hann tíma til þess að gera þessa hluti sem sagt er frá þegar hann er svona ungur, ha? Þar segir til dæmis að faðir hans yfirgaf móður hans. Að móðir hans hugsaði um fimm börn ein síns liðs. Að hann hafði skrifað ljóð mjög snemma og meira segja að fullorðinn maður sem heitir Paul Verlaine hafði elskað hann svo mikið að hann hafði næstum drepið hann með skammbyssu. Þessi fullorðni maður og hann höfðu annars konar samband sem er ekki skýrt greinilega, svo virðist sem það sé skammarlegt að svipta hulunni af því. Þessi Paul Verlaine særði úlnliðinn á aumingja unga manningnum með byssu og var settur í fangelsi fyrir það. Það stóð líka að Paul Verlaine hegðaði sér illa vegna þess að honum samdi ekki við konuna sína og vegna þess að hann hafði drukkið áfengi daginn sem hann hafði mælt sér mót við unga manningnum með engla andlitið. Hins vegar þegar þú ert fullur þá hefurðu ekki lengur stjórn á hvað þú segir eða gerir við fólk, þú segir hvað sem er, þú gerir hvað sem er, þú labbar ekki alveg beint af því þú heldur að göturnar sé ekki alveg rétt lagðar og að bílarnir sem bruna framhjá séu bara plastleikföng eins og þau sem René frændi gefur mér svo að ég fari í bóndaleik á jólunum og á Mikjálsmessu. Já, þegar þú ert fullur talar þú við fólk sem er ekki til, ósýnilegt fólk sem áfengisframleiðendur setja í flöskurnar. Þú getur líka gert grín að eða svívirt vegfarendur sem hafa ekkert gert á þinn hlut. Ég veit þessa hluti því að herra Vinou, einn af nágrönnum okkar, er fyllibytta sem á sér engan líka á jörðinni. Þegar hann hefur verið að drekka, talar hann og horfir á skikann okkar eins og það séum við sem ýtum honum út í að drekka maís-brennivínið sitt eða rauðvínið á börum Trois-Cents-hverfisins. Áfengið litar varinnar á honum rauðar og náunginn leitast stöðugt eftir áflogum jafnvel þótt hann sé ekki sterkur. Hann orgar ævinlega: Af hverju er allt hverfið á móti mér þegar ég fæ mér í glas? Daginn sem hann fær byssu eins og þessi Paul Verlaine á hann eftir að skjóta á allt sem hreyfist. En þar sem hann á ekki ennþá byssu þá hellir hann sér yfir börnin sín sex, hann kallar þau bastarða, óbyggðakörtur, Vestur-Afríku krybbur og svo framvegis.

Hann segir um eiginkonu sína að hún sé ekki kona, hún sé almenningruslatunna sem menn Trois-Cents hverfisins komi og hendi rusli í og að þetta rusl geri ekki annað en að úldna og dauna af líkama hennar. Þegar honum er mál að míga eða gera aðrar þarfir sem fýla er af, fer herra Vinou af skikanum sínum, dregur niðrum sig buxurnar og gerir það allt á götunni jafnvel þótt það sé klósett innst á skikanum hans. Er þetta hegðun eðlilegs manns? Ef einhver byrjar að gleyma að hann sé með klósett á skikanum sínum, er það vegna þess að áfengið lætur fólk gera vonða hluti og það er kannski þess vegna sem Paul Verlaine hleypti skoti af skammbyssunni sinni á unga manninn með englaandlitið.

Árstíð í helvíti er titillinn á litlu bókinni sem ég er að blaða í. Það er annar titill þar inni í sem mér líkar: *Illt blóð*. Það hljómar eins og eitthvað sem við myndum segja. *Illt blóð* er á lingala *makila mabé*. Þegar Pauline mamma segir á lingala að einhver sé með illt blóð þýðir það að hann sé kominn af vondu fólki, að hann sé óheppinn, að honum sé ekki við bjargandi, að meira segja fuglarnir sem fljúgi um himininn skíti á hann. Ég veit ekki hvort það sé það sem hann var að meina, ungi maðurinn með englaandlitið sem hlýtur að hafa verið reiður fyrst hann valdi svona titil sem gæti boðað ógæfu fyrir þann sem ætlar að lesa bókina hans.

Ég staðnæmist á einni síðu og ég les mjög lágt mætti halda að ég væri að biðja:

Ég hef andstygð á öllum starfsgreinum. Yfirmenn og verkamenn, allir bændur, auvirðilegir. Hönd á fjaðurpenna er jafngild hönd á plógi.

Það stendur aftan á kápu bókarinnar að þetta sé ljóðabók en það eru engar aðskildar línur sem hljóma eins í lokin eins og í ljóðinu sem Lounès þuldi fyrir mig. Þýðir það að ég þurfi ekki að fylgja því sem Lounès sagði mér? Það eru orð og orðatiltæki í ljóðinu sem mér finnast mjög erfið. Ég verð að spyrja Lounès hvað þau þýða eða að hann spyrji kennarann sinn í gagnfræðaskólanum. Ég veit til dæmis ekki hvað „hönd á fjaðurpenna“ þýðir. Kannski er það höndin á hvítum seiðkarli sem dulbýr sig sem fugl um nætur til þess að taka börn og fara með þau til helvítis í eina árstíð. Já, það er kannski það, þar sem aðeins ofar talar ungi maðurinn um forfeður sína sem voru Gallar, og að þessir Gallar hafi verið algerir þorparar „*sem fláðu dýr lifandi og voru fjaránlegustu jurtabrennuvargar síns tíma.*“ Sem er skrítið af því að okkar forfeður voru svona líka. Kannski eru þeir fjarskyldir ættingjar þessara Galla. Núna skil ég af

hverju faðir minn sagði mér einu sinni að þegar hann var lítill, voru börnin látin læra utanbókar að forfeður okkar væru Gallar.

Í umræddu ljóði finn ég „hönd á plógi.“ Ég hef heyrt orðið „plógur“ áður hjá René frænda, þegar hann talar við mig um landbúnað. Þegar ég vil gera eitthvað með hraði eða óskipulega, hundskammar hann mig og hreytir í mig:

- Ekki spenna plóginn fyrir framan uxana!

Plógurinn þarf sem sagt alltaf að vera aftan við uxana, svo þeir geti dregið hann. En ungi maðurinn talar um „hönd á plógi“, það flækir málin af því að á milli handar á fjaðurplett og handar á plógi, stend ég alveg á gati.

320-323.

Flugvélin sem fer hjá mun lenda í Kaíró, í Egyptalandi. Við sitjum á bakka Tchinouka-árinna. Lounès veit að ef hann spyr mig á hvaða stað flugvélin muni lenda, muni ég byrja að tala aftur um Egyptaland og Íranskeisara sem liggur veikur þar. Hann sagði frekar við mig:

- Foreldrar þínir munu kaupa fullt af gjöfum handa þér.
- Ég kipptist við af undrun.
- Hvernig veistu þetta?
- Mamma þín mætti mömmu minni hjá töfralækni sem . . .

Ég gríp fram í fyrir honum.

- Ég skil, svo það er töfralæknirinn Sukissa Tembé sem stendur að baki þessu öllu saman!
- Nú, þekkirðu hann?
- Nei ég þekki hann ekki, en þegar mamma mín og pabbi minn töluðu í herberginu sínu hlustaði ég á allt. Og þau sögðu nafn töfralæknisins.
- Gott og vel, pabbi þinn og mamma þín eru nú þegar búin að hitta hann. Mamma mín var þar líka til þess að meðhöndla lungnaveikina sína. Og veistu hvað töfralæknirinn útskýrði fyrir foreldrum þínum? Ég trúði því ekki sjálfur þegar ég heyrði mömmu mína segja pabba mínum frá því: töfralæknirinn spurði töfragripina sína og töfragripirnir sögðu að það sé þér að kenna að mamma þín geti ekki eignast annað barn.
- MÉR MICHEL?

- Já, þér. Samkvæmt töfralæknum ertu barn á daginn og fullorðinn á nóttunni, með hvítt hár, og þegar það er orðið dimmt ferðu úr rúminu þínu til að hitta annað gamalt fólk sem líkar ekki við mömmu þína og leggur á ráðin gegn henni.
- Og þú, trúir þú þessu? Þessi töfralæknir er lygari!
- Hann heldur að þú munir verða mjög öfundsjúkur, afar óhamingjusamur og gætir jafnvel framið sjálfsmorð ef foreldrar þínir eignast annað barn.

Lounès talar með stillingu. Það þýðir sem sagt að hann trúir líka því sem þessi seiðkarl sagði.

- Já, þú verður öfundsjúkur og óhamingjusamur ef þú eignast systur og bræður. Þess vegna ertu búin að loka rækilega maganum hennar Pauline mömmu. Þegar börn vilja í heiminn, koma þau að lokuðum dyrum og þau deyja beint fyrir framan þessar dyr. Það ert þú sem ert með lykillinn sem opnar magann hennar mömmu þinnar.
- Það er ekki satt! Það er ekki satt!
- Töfralæknirinn sagði því við foreldra þína að þau þurfi að gefa þér margar gjafir, allar gjafir sem þú vilt og biðja þig fyrirgefningar þar til þú gefur þeim lykilinn sem opnar magann á mömmu þinni. Án lykilsins getur töfralæknirinn ekki gert neitt fyrir Pauline mömmu, og hún eignast aldrei annað barn þangað til hún deyr.
- Ég vil ekki lengur þessar gjafir!
- Þú verður að taka við þeim, Michel.
- NEI!!!
- Ertu ánægður að mamma þín sé svona óhamingjusöm með aðeins eitt barn? Ef þú deyrð á undan henni, hvað verður þá um hana? Ertu búin að hugsa út í það?

Önnur flugvél flýgur hjá.

- Hvar lendir þessi flugvél? spyr Lounès mig.
- Í Kalkútta, á Indlandi.
- Nújá? Ekki í Egyptalandi?
- Nei, hún fer til Indlands. Þar er kona sem heitir Móðir Teresa og þykir vænt um fátæklinga og yfirgefin börn. Hún fékk stóra gjöf fyrir það: Friðarverðlaun Nóbels.

Mér sýnist Lounès vera skyndilega leiður. Þegar ég horfi á hann skynja ég að honum þykir vænt um mig, að hann vill hjálpa mér, að hann vill líka hjálpa foreldrum mínum. Hann talar afar hægt við mig eins og hann væri að grátbiðja mig um að gera eitthvað:

- Michel, hlustaðu á mig og segðu mér hvar þú faldir þennan lykil. Ég segi engum frá því, trúðu mér.
- Ég er ekki með neinn lykil.
- Þú hefur hann þar sem það varst þú sem að lokaðir maganum á mömmu þinni daginn sem þú fæddist.
- Ég er ekki með lykilinn!
- Michel, þessi töfralæknir getur ekki logið, hann var töfralæknir forseta Lýðveldisins.
- Jæja þá hefur hann logið í fyrsta sinn!
- Hlustaðu, gefðu mér lykilinn og ég gef mömmu minni hann sem gefur mömmu þinni hann.
- Þar sem hann hann þráast svo ákaflega við, þar sem ég veit ekki lengur hverju ég á að svara, fellst ég á allt.
- Allt í lagi. Ég gef þér hann.
- Í alvöru?
- Já. Ég faldi hann einhverstaðar, töfralæknirinn hefur rétt fyrir sér.

Bibliographie

Bildungsroman. (sans date) *Encyclopédie Larousse*. Récupéré:

<http://www.larousse.fr/encyclopedie/litterature/Bildungsroman/171682>

Khatibi. A. (1983) *Maghreb pluriel*, Paris: Denoël,

Klein-Lataud. Christine. (1996). Les voix parallèles de Nancy Huston. *Érudit*, 9, 211-231. DOI : 10.7202/037245ar

Kleppinger, K. (2013). New Ideas of France: The Reconceptualization of Nation-Based History and Culture in Alain Mabanckou's *Demain J' Aurai Vingt Ans*. *Contemporary French & Francophone Studies*, 17(2), 220-226.
doi:10.1080/17409292.2013.757500

Mabanckou, A. (2010). *Demain j' aurai vingt ans*. Italie : Gallimard.

Mita. S. (2012). *Narrateurs enfants et non fiabilité narrative. Analyse comparée de La vie devant soi et de Demain j' aurai vingt ans*. (baccalauréat thèse) Récupéré de Lund University Publications.
<http://lup.lub.lu.se/luur/download?func=downloadFile&recordOId=3412547&fileOId=3412752>

Moudilen. Lydie. (2006). *Parades postcoloniales : la fabrication des identités dans le roman congolais*. France : Karthala.

Semujanga. J. (1996) *Problématique des littératures francophones*. Université Laval.

Wainaina. B. (2010) Alain Mabanckou by Binwavanga Wainaina. *Bomb magazine*, 112. Récupère : <http://bombmagazine.org/article/3501/alain-mabanckou>

Sans auteur. (2014) *Alain Mabanckou – biographie*. Récupéré : <http://alainmabanckou.net/biographie.html>

Sans auteur. (2015) *Le dictionnaire en ligne Snara.is* Récupéré : <http://snara.is>